

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulagsbreyting, þéttbýlið Árnes, Nónsteinn og Bugðugerði.

Í breytingunni felst meðal annars að verslunar- og þjónustulóðin V3 (Nónsteinn) stækkar, gert er ráð fyrir 3ja íbúða raðhúsi svo og parhúsi við enda Bugðugerðis og 4 íbúða raðhúsi við Skólabraut í stað lóðar fyrir leikskóla. Einnig er gert ráð fyrir lóð fyrir spennistöð austan við tjaldsvæði. Þá eru nokkrar breytingar sem varða afmörkun lóða og vega til samræmis við nákvæmari mælingar.

Samþykkt í sveitarstjórn þann 24. janúar 2018.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 22. febrúar 2018.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 26. febrúar 2018